

# Lög

## um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana og lögum um loftslagsmál (geymsla koldíoxíðs).

### I. KAFLI

#### Breyting á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

##### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- Í stað orðsins „niðurdælingar“ í 19., 21. og 22. mgr. kemur: geymslu.
- Í stað orðsins „niðurdælingarsvæðis“ í 20. mgr. kemur: geymslusvæðis.
23. mgr. orðast svo:  
*Hentugar jarðmyndanir til geymslu eru jarðmyndanir sem hafa eiginleika sem stuðla að öruggri og áreiðanlegri geymslu koldíoxíðs neðan jarðar.*
24. mgr. orðast svo:  
*Geymsla koldíoxíðs í jörðu er niðurdæling og síðan geymsla koldíoxíðsstrauma í jarðmyndunum neðan jarðar.*
25. mgr. orðast svo:  
*Geymslugeymir er geymslusvæðið, þ.e. jarðmyndanir þess og allt sem getur haft áhrif á öryggi og áreiðanleika geymslu koldíoxíðs á svæðinu.*
26. mgr. orðast svo:  
*Geymslusvæði er skilgreint svæði innan jarðmyndana sem notað er til geymslu koldíoxíðs auk tilheyrandi búnaðar, hvort sem hann er ofan jarðar eða neðan jarðar.*
27. mgr. orðast svo:  
*Rekstartímabil geymslusvæðis er tíminn frá því að starfsleyfi er gefið út og niðurdæling og geymsla koldíoxíðs hefst á geymslusvæði og þar til starfsemi lýkur.*

##### 2. gr.

- Í stað orðsins „niðurdælingarsvæði“ í a-lið 1. mgr. 22. gr., 5. tölul. 33. gr. b, tvívegis í 1. mgr. og 5. mgr. 33. gr. c, 2. mgr. 33. gr. e, 1. mgr. 33. gr. f, tvívegis í inngangsmálslið og 1. og 3. tölul. 1. mgr. 33. gr. g, 1. og 2. mgr. 33. gr. j og 7. mgr. 67. gr. laganna kemur: geymslusvæði.

- b. Í stað orðsins „niðurdælingarsvæðis“ í 2. tölul. 33. gr. b og a-lið 4. mgr. 33. gr. d laganna kemur: geymslusvæðis.
- c. Í stað orðsins „niðurdælingarsvæða“ í 6. tölul. 33. gr. b laganna kemur: geymslusvæða.

## 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 33. gr. a laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:  
Þessi kafli gildir um geymslu koldíoxíðs í jörðu, innan efnahagslögsögu og á landgrunni Íslands.
- b. Orðið „varanlegri“ í 3. mgr. fellur brott.

## 4. gr.

Í stað orðsins „niðurdælingar“ í 1., 3. og 4. tölul. 33. gr. b, 1. mgr., tvívegis í 2. mgr., tvívegis í 3. mgr., 4. og 6. mgr. 33. gr. c, 2. mgr. 33. gr. f, 1. mgr. 33. gr. j og 6. tölul. 1. mgr. 67. gr. laganna kemur: geymslu.

## 5. gr.

- a. Í stað orðsins „niðurdælingargeymis“ í 1. tölul. 33. gr. b og 4. mgr. 33. gr. c laganna kemur: geymslugeymis.
- b. Í stað orðsins „niðurdælingargeymi“ í 2. tölul. 33. gr. b, 2. og 3. mgr. 33. gr. c og 2. mgr. 33. gr. e laganna kemur: geymslugeymi.

## 6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 33. gr. c laganna:

- a. Í stað orðsins „niðurdælingaráætlun“ í 2. mgr. kemur: heildarmagn koldíoxíðs sem verður dælt niður og geymt.
- b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Könnun og starfsleyfi til geymslu.*

## 7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 33. gr. d laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:  
Koldíoxíðsstraumur til niðurdælingar og geymslu skal ekki innihalda úrgang. Koldíoxíðsstraumur getur þó innihaldið tilfallandi tengd efni úr uppsprettunni, fönguninni eða niðurdælingarferlinu og snefilefni sem bætt er í hann til að auðvelda vöktun.
- b. 2. mgr. fellur brott.
- c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Samsetning koldíoxíðsstraums til geymslu.*

## 8. gr.

Í stað orðanna „niðurdælingar koldíoxíðs til varanlegrar geymslu“ í 3. mgr. 33. gr. f laganna kemur: geymslu koldíoxíðs.

## 9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 33. gr. g laganna:

- a. Orðin „eða steinrunnið“ í 1. tölul. falla brott.
- b. Á eftir orðinu „niðurdælingu“ í 3. tölul. bætist: og geymslu.

## 10. gr.

33. gr. h laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

*Aðgangur þriðja aðila að flutningskerfi og geymslusvæði.*

Mögulegir notendur skulu hafa aðgang að flutningskerfi koldíoxíðs og/eða geymslusvæði rekstraraðila, í þeim tilgangi að flytja þangað og dæla þar niður koldíoxíði til geymslu. Rekstraraðila er heimilt að innheimta fyrir það gjald.

Rekstraraðila er heimilt að synja um aðgang að flutningskerfi og/eða geymslusvæði, að teknu tilliti til eftirfarandi viðmiða:

- a. geymslugetu sem eðlilegt er að sé tiltæk á geymslusvæði,
- b. markmiðs íslenskra stjórnvalda samkvæmt alþjóðalögum um kolefnisföngun og geymslu koldíoxíðs,
- c. nauðsynjar þess að synja um aðgang í tilvikum þegar tækniforskriftir eru ósamrýmanlegar og erfitt er að bæta úr,
- d. fjölda þeirra aðila sem óska eftir aðgangi.

Rekstraraðila er einkum heimilt að synja um aðgang vegna skorts á rými ef tækniforskriftir eru ósamrýmanlegar og í þeim tilvikum þegar tenging er ekki til staðar og erfitt er að bæta úr. Synji rekstraraðili um aðgang að flutningskerfi og/eða geymslusvæði skal sú ákvörðun rökstudd.

## 11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 33. gr. i laganna:

- a. Í stað orðsins „niðurdælingarsvæði“ í 1. másl. 1. mgr. og 3. mgr. kemur geymslusvæði.
- b. 2. másl. 1. mgr. fellur brott.
- c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Lausn deilumála vegna aðgangs að flutningskerfi og geymslusvæði.*

## 12. gr.

Orðin „eða steinrunnið“ í 2. mgr. 33. gr. j laganna falla brott.

## 13. gr.

Fyrirsögn VI. kafla A laganna verður: **Geymsla koldíoxíðs í jörðu.**

## 14. gr.

Töluliður 6.9 í viðauka I við lögin orðast svo: Föngun koldíoxíðsstrauma frá atvinnurekstri sem fellur undir lög þessi til geymslu í jörðu.

## 15. gr.

Nýr töluliður bætist við viðauka II við lögin, svohljóðandi: Geymsla koldíoxíðs í jörðu.

## II. KAFLI

**Breyting á lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021.**

## 16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. viðauka við lögin:

- a. Orðið „varanlegar“ í lið 3.09, 3.10 og 3.20 fellur brott.
- b. Í stað orðsins „Niðurdælingarsvæði“ í lið 3.18 kemur: Geymslusvæði.

III. KAFLI

**Breyting á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012.**

17. gr.

Í stað orðsins „niðurdælingu“ í 5. mgr. 21. gr. b laganna kemur: geymslu.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 15. júní 2022.*